

Fréttabréf Garðasels

Janúar 2022



Gleðilegt nýtt ár með kærum þökkum fyrir liðna árið

Þema í janúar

Í janúar verður unnið með þorrann og gamla tímann. Hvernig voru húsin í gamla daga? Hvaða matur var þá borðaður? Hvernig leikföng voru til? og margt fleira verður örugglega rætt og skoðað frekar. Margt er hægt að gera og vinna með sem tengist gamla tímanum, s.s. sögur, leiki og hefðir og heimsóknir í Byggðasafnið þar sem húsnæði og munir gamla tímans ráða ríkjum.



Hver deild skipuleggur sína vinnu þar sem tekið er mið af aldri og þroska barnanna.



Þematengd verkefni eru : **Ljósadagur og þorablót**

Bóndadagskaffi

Föstudaginn 21 janúar er Bóndadagurinn og á ný verðum við að sleppa að bjóða til okkar þöbbum, öfum og bræðrum og þar ráða fjöldatakmarkanir og sóttvarnir helstu. Við ætlum samt að halda daginn hátíðlega og gera hann eftirminnilegan fyrir strákana í Garðaseli.

Hvað það verður veit nú enginn.....kemur í ljós 😊



Þorablót

Þorablót verður **þriðjudaginn 25. janúar** fyrir börn og starfsfólk í leikskólanum.

Boðið verður upp á slátur og meðlæti og síðan verður þorramatur á sérborði þar sem sittlítið af hverju verður í boði (súrt og nýtt).

Íþróttta- og hreyfistundir

Sama skipulag verður á íþróttta- og hreyfistundum og var fyrir áramótin. Lón og Holt nýta Skálann og Glaumbæ á meðan Víkin fer í íþróttahúsið að Jaðarsbökkum.

Fataherbergi deilda og sóttvarnir allra

Áfram verður geta foreldrar komið inn í fataherbergi deilda við upphaf og lok dag. Lögð er áhersla á mikilvægi sóttvarna og að hvert foreldri sem kemur sé með grímu, snerti einungis það sem tilheryri barni þess og að foreldrar gangi rösklega til verka, sérstaklega ef aðrir bíða fyrir utan. 😊

Viðmiðið er að á Holti og Vík geti fjórir foreldrar verið samtímis í fataherbergi en vegna þrengsla á Lóninu einungis tveir í einu.

Ef aðrir en foreldrar sækja þarf að vera búið að upplýsa þá um þær verklagsreglur sem í gildi eru hverju sinni.

Fatnaður og aðrir munir barna..... merkja vel



Enn og aftur er minnt á nauðsyn þess að merkja allt sem börnin eiga og koma með í skólann, sérstaklega fatnað.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir að starfsmenn þekki alla vettlinga, húfur og annan fatnað barna og geti fundið það sem vantar, í lok dags, án merkinga.

Ábyrgðin er ykkar, kærar foreldrar, merkið eigur barna ykkar vel með nafni þeirra, þannig að þær skili sér frekar til ykkar ef þær fara á flakk.

-VINÁTTA -

Foreldrar og hinir fullorðnu í umhverfi barna hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að því að kenna börnum sínum góð samskipti og verða góðir félagar. Þannig tryggjum við að börnin muni sjálf eignast vini sem er eitt af því mikilvægasta sem allir eiga.

